

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Bjarni Benediktsson ráðherra
Arnarhvoli við Sölvhólsgötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 5. október 2020

Efni: Lokunarstyrkir til fyrirtækja vegna annarrar bylgju heimsfaraldurs kórónuveiru


Félag atvinnurekenda vísar til reglugerðar heilbrigðisráðherra nr. 957/2020, um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, sem birt var í gær og tók gildi í dag.

Í 6. grein reglugerðarinnar eru ákvæði sem takmarka starfsemi tiltekinna fyrirtækja vegna sérstakrar smithættu. Þannig skal loka skemmtistöðum, krám og spilasölum frá og með deginum í dag. Enn fremur skal húsnæði líkamsræktarstöðva lokað almenningi og er þeim þannig í raun gert að hætta rekstri næstu vikurnar.

Félag atvinnurekenda telur mikilvægt að samhliða þessum mjög svo íþyngjandi aðgerðum gagnvart tilteknum hópum fyrirtækja gefi stjórnvöld út með skýrum hætti hvort og þá hvernig verði komið til móts við fyrirtæki sem neyðast til að hætta rekstri í þessari bylgju faraldursins; hvort veittir verði lokunarstyrkir eins og í fyrstu bylgjunni eða komið til móts við fyrirtækin með öðrum hætti. Rétt er að rifja upp að frestur til að sækja um lokunarstyrk vegna heimsfaraldursins samkvæmt núgildandi lögum rann út 1. september sl. og frestur til að sækja um viðbótarlokunarstyrk rann út 1. október.

Að mati FA eru skýrar línur í þessu efni mikilvægar, bæði til að tryggja skilvirkni sóttvarnaraðgerða sem stjórnvöld hafa mælt fyrir um, og til að veita atvinnurekendum í viðkomandi greinum meiri fyrirsjáanleika um hvers vænta má um stuðningsaðgerðir stjórnvalda. Skjót vinnubrögð skipta hér miklu máli.

Virðingarfyllt,


Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA

Samrit: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra